

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 1. júní 1972, um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 80 milljónum króna árlega“ í 3. gr. laganna komi: allt að 160 milljónum króna árlega.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 frá 1941, um fjarskipti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða, að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.